



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

### **Fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna um framfylgd stefnumörkunar um fækkun bílastæða í borgarlandi**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna:

*Nú hefur verið samþykkt í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum að fækka bílastæðum í borgarlandinu um 2% á ári. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig gangi að framfylgja þessari stefnumörkun: 1. Yfirliti yfir svæði og samantekt á fjölda stæða sem hefur verið fækkað frá samþykki aðgerðaráætlunarinnar. 2. Áætlun um fækkun stæða á árinu 2023.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 25. janúar sl.

Svar:

Markviss vinna við framfylgd þessarar aðgerðar hefur ekki farið af stað. Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um þann fjölda bílastæða sem er fækkað á hverju ári eða gerð áætlun um fækkun bílastæða. Spurningum 1 og 2 er því ekki hægt að svara beint en hér á eftir eru samantekt á þeim upplýsingum sem eru tiltækar.

Aðgerðin er tiltekin sem liður í að skapa gönguvæna borg. Við endurhönnun gatna og borgarrýma hefur engu að síður verið litið til þessarar aðgerðar loftslagsáætlunar og lögð til fækkun bílastæða til að ná fram öðrum gæðum, svo sem bætt aðgengi gangandi, gæði borgarrýmis, umferðaröryggi og blágrænar ofanvatnslausnir sem er einnig ein af aðgerðum loftslagsáætlunar vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum.

Haldið er lauslega utan um fjölda bílastæða í borginni. Miklar breytingar eiga sér stað árlega sem hafa áhrif á fjölda stæða eins og ný uppbyggingarsvæði og þéttingareitir. Óvissa við mat á bílastæðum er því mikil. Ný bílastæði eru gerð og önnur hverfa, bílastæði færast frá því að vera á borgarlandi yfir í það að vera innan lóðar og öfugt. Samkvæmt þeim upplýsingum sem eru aðgengilegar voru bílastæði á borgarlandi í apríl 2023 rétt um 32 þúsund og hefur þeim fækkað það sem af er ári um 0,9 %, samanborið við 1. desember 2022 þegar þau voru um 300 fleiri. Að stærstum hluta má rekja þá fækkun til breytinga á lóðamörkum við Landspítalann þar sem stæði sem áður voru á borgarlandi eru nú innan lóðar spítalans. Fjöldi stæða á borgarlandi stendur í stað sé miðað við 1. desember 2021. En á sama tíma hefur íbúum og íbúðum í borginni fjölgað um u.þ.b. 3 % og stæðum innan lóða fjölgað um 1,4 %. Það er að segja bílastæðum í borginni, hvort sem er innan lóða eða utan hefur ekki fjölgað jafn mikið og íbúum.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*